

## 633. fundur

Miðvikudaginn 18. október 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Birgitta Kristjánsdóttir, ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR

Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Beiðni um opnun tollkvóta á svínakjöti. Eins og ákveðið var á 632. fundi hefur þurft að afla frekari gagna m.a. um innflutning og innflutningsverð sem þarf að leggja til grundvallað við útreikning á tollum. Með vísan til gagna málsins er ljóst að framboð á tilteknum hlutum svínakjöts er ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði og hyggst nefndin senda eftirfarandi til umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollskrárn.</i>	<i>Svínakjöt, fryst</i>			
0203.2901	Hryggir og hryggsneiðar	24.10.-28.11.17	0	281
0203.2905	Hryggvöðvar	24.10.-28.11.17	0	498
0203.2906	Vöðvar af læri	24.10.-28.11.17	0	352

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að vöntun og/eða fyrirsjánleg vöntun sé á ofangreindu hlutum svínakjöts. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á svínakjöti. Hér með er yður veittur 4 daga frestur til að bregðast við tillögu nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.